Menntun dómara í gæðingafimi LH

Markmið er að hafa faglega sterkan dómarahóp fyrir gæðingafimina og geta fylgt eftir menntun og þróun þeirra.

Dómarar á meðan keppnisgreinin er til reynslu

Í upphafi keppnistímabilsins velur starfshópur LH um gæðingafimi hóp af dómurum til þess að dæma gæðingafimi LH.

Gæðingafimidómari skal að minnsta kosti uppfylla eitt skilyrða:

- vera íþrótta- og/eða gæðingadómari með knapamerkjadómarapróf og/eða reiðkennararéttindi
- hafa dæmt gæðingafimi reglulega á tímabilinu 2000-2020
- hafa viðeigandi menntun og reynslu til að geta dæmt bæði æfingar og gangtegundir

Hópnum er boðið á stutt námskeið. Þar er m.a. farið yfir reglur, leiðara, skilgreiningar og dómblöð. Einnig eru skoðuð myndbönd með æfingum. Námskeiðið fer fyrst og fremst fram í gegnum umræður, þar sem þetta eru nú þegar reyndir dómarar á þessu sviði.

Framtíðarsýn um réttindi dómara í gæðingafimi

Hugmyndin er að hafa sérstakt gæðingafimidómaranámskeið og próf og einungis þeir sem standist það próf hafi réttindi til þess að dæma gæðingafimi LH. Einnig þurfi að viðhalda þessum réttindum eins og öðrum dómararéttindum. Horft er til þess að dómari sé jafnhæfur til þess að dæma gangtegundir og æfingar. Gerðar eru ákveðnar forkröfur fyrir gæðingafimidómaranámskeiðið og það er svo mismunandi hvað viðkomandi þarf að bæta við sína þekkingu.

Forkröfur, gæðingafimidómari hafi amk þrennt af eftirfarandi:

- reiðkennararéttindi
- knapamerkjadómararéttindi
- íþróttadómararéttindi
- gæðingadómararéttindi

Mismunandi leiðir eftir menntunarstigi og réttindum

Þeir sem hafa **BS í reiðmennsku og reiðkennslu** hafa m.a. lokið námskeiðunum:

- *Hestadómar* þar sem er fjallað um reglur og leiðara íþrótta-, gæðinga- sem og kynbótadóma. Nemendur fá einnig töluverða æfingu í að dæma. Það eru álíka margar kennslustundir bak við þetta eins og dómaramenntun HÍDÍ og GDLH. Nemendur sem hefja nám 2019 hafa fengið þessa kennslu í *Þjálfun keppnishesta II* og *Kynbótadómar*
- *Kennslufræði V* þar sem nemendur fá æfingu í að dæma öll stig knapamerkjanna og taka knapamerkjadómarapróf. Að dæma knapamerki snýst að mestu leyti um að meta gangtegundir, æfingar, reiðleiðir og reiðmennsku
- *Reiðmennska I-II*, *Þjálfun I-II*, *Þjálfun keppnishesta I-II* þar sem nemendur taka próf í að skilgreina og ríða æfingar og gangtegundir, ásamt því að meta og lýsa líkamsbeitingu, og skilja og nota hugtök reiðmennskunnar sem koma fram í leiðara.

Til að verða gæðingafimidómari þurfa þeir sem hafa reiðkennaramenntun að setja sig inn í gæðingafimileiðara LH og æfa sig í að nota hann. Tillaga um undirbúning: ritarastörf, lágmark 10 klukkustundir íþróttakeppni, 10 klukkustundir gæðingakeppni, tvö gæðingafimimót og námskeið.

Þeir sem hafa **Íþrótta- og/eða gæðingadómararéttindi**

Til að verða gæðingafimidómari þurfa íþrótta og/eða gæðingadómarar að bæta við sig:

- bóklegu prófi í líkamsbeitingu reiðhestsins, hugtakanotkun reiðmennskunnar sem og skilgreiningum á æfingum og reiðleiðum (hægt væri að leggja til grundvallar knapamerkjapróf á 5. stigi en aukalega þarf að skilgreina æfingar sem er ekki fjallað um þar)
- verklegu prófi (skoða myndbönd) í að þekkja, meta og lýsa reiðleiðum og æfingum, reiðmennsku og líkamsbeitingu hestsins
- rita á a.m.k. tveimur gæðingafimimótum